

## REGLUGERÐ

um ráðstöfun á 19.95% fjár gengismunarsjóðs 1978 (áætlað 467 millj. kr.) til þess að létta stofnfjárlkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, sbr. b-lið 3. gr. laga nr. 2/1978.

### 1. gr.

Styrkfjárhæðir skulu vera 1.1% ógreiddra og ógjaldfallinna höfuðstólseftirstöðva erlendra skulda reiknað á sölugengi 10. febrúar 1978. Þó skulu skuldir í norskum krónum reiknaðar á sölugengi 13. febrúar 1978 og skuldir í finnskum mörkum á sölugengi 17. febrúar 1978. Gengistryggð Fiskveiðasjóðslán skulu metin að  $\frac{3}{4}$  hl. miðað við erlend lán.

### 2. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausan reikning hjá Fiskveiðasjóði Íslands fyrir hvert skip, sem skuldar erlent og/eða gengistryggt lán. Heimilt er Fiskveiðasjóði að halda sérstakan reikning yfir þá styrkfjárhæð sem tilheyrir hverju erlendu eða gengistryggðu láni fyrir sig. Ef hagkvæmt þykir, er Fiskveiðasjóði heimilt að færa styrkfjárhæðir samkvæmt reglum þessum sem viðbótarfærslur á þá reikninga sem stofnaðir voru vegna ráðstöfunar sama eðlis á 600 milljónum króna úr gengismunarsjóði 1974 og 950 millj. kr. úr gengismunarsjóði 1975.

### 3. gr.

Er Fiskveiðasjóði berst fé úr gengismunarsjóði skal hann tekjufæra hina nýju reikninga samkvæmt ákvæðum 1. gr. Reikningana skal tekjufæra í þeirri röð og þeim mæli, sem áætlað er að gjaldfæra þurfi reikningana samkvæmt reglum þessum. Heimilt er Fiskveiðasjóði að geyma á hverjum tíma nokkurn hluta fjár þess, er honum hefur borist úr gengismunarsjóði án þess að tekjufæra sérstaka reikninga fyrir fénu, enda getur sjóðurinn þá tekjufært slíkt fé þegar skyndilega þarf að gjaldfæra reikning af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

### 4. gr.

Sú fjárhæð sem kemur í hlut hvers skips verður notuð til aðstoðar útgerðum við greiðslu vaxta og afborgana þeirra lána, er styrkirnir tilheyra, svo og til greiðslu á þeim hluta eigin framlags vegna skipakaupa erlendis, sem var umsamin en ógreiddur hinn 10. febrúar 1978. Fer útborgun styrks fram á fyrsta gjalddaga hinna erlendu og gengistryggðu lána, eftir að unnt er að tekjufæra viðkomandi reikninga samkvæmt 3. gr.

## 5. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlenda eða gengistryggða láni, sem hann er veitur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftár áður en útborgun fer fram.

## 6. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

## 7. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslureikning Fiskveiðasjóðs sbr. 3. gr.

## 8. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim, styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu og gengistryggðu lána, ellegar greiða skipeiganda fjárhæðina.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978 til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Kristín Magnússon.*

## REGLUR

### um grandaraspil, öryggisbúnað við línu og netaspil og radarspegla á opnum bátum.

## 1. gr.

#### Grandaraspil.

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

## 2. gr.

#### Öryggisbúnaður við línu og netaspil.

Á fiskiskipi, 15 brl. og stærri, sem búin eru línuspili til línu- og/eða netaveiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að spilið stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að spilkoppnum með veiðarfærunum. Stjórnlokar slíkra spila skulu þannig úr garði gerðir, að ekki þurfi að snúa handfangi þeirra úr lokunarstöðu meira en 90° til hvorrar handar, eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

## 3. gr.

#### Radarspeglar.

Opnir bátar skulu búnir radarspeglum úr málmplötum. Skulu þeir vera að minnsta kosti 25 cm að þvermáli.